

sama, þráinnar eftir næira ljósi, meira andlegu frelsi. Þeir litu allir—þessir tjarskyldu annars—með sönu sorgaraugum til liðna tímans, á myrkrið og vanþekkinguna, en svo aftur með glaðværu stolti til hinnar birtandi, gleðibóðandi framtíðar, er heimska, fals og lygð sér til fullrar skammar verða, en andans sól nær að skína loks í sínu fulla heiði.

En hversu makalaust tækifæri var nú annars ekki fyrir páfann að snúa villumönnum þessum þarna, 3000 talsins, samankomnum fríþenkkjurum, alla þessa þingdaga, þarna rétt hjá honum. Hví skyldi nú ófreistað látið að hefja eina stóra helgigöngu með krossa og bein og bjóra af hinum helgu, hina heilögú muni kyrkjunnar, og svo hefja eina máttuga alsherjarbæn? Já, hví ekki? En það er ekki vort að svara því. En var það ekki mikill misgáningur eða nærrí að segja afglöp af hinum heilaga föður, að láta nú ekki þegar skokka á stað með hin gullnu kerin með hinu vígða vatni, með hin gimsteinum prýddu skrín með hinum háhelgu dóumum í o. s. frv., til að sýna fram á hvers þau ummegnuð væru til að umvenda fríþenkkjurum og vitringum þessa heims, skáldum og heimspekingum eins og þeim Berthelot (franska), Lombroso (ítalska), Haeckel (þýzka), Björnson (norska) o. fl. o. fl.

Þingið hafði leitt þessa andans höfðingja til Rómaborgar—hina útvöldustu og æðstu anda þessa heims, til að bera vitni um í eyrun á sjálfu Vatikaninu, að trúkredda öll væri dauð, eða lægi á líkfjölunum, að vísindi væru vel lifandi og hefðu nú sprengt blöðru hjátrúar og ofstrúarinnar, að öld prestaspeki, prestahræsni og prestahrekkja væri nú liðin og úti, og að hið endurvaknaða mannkyn hefði ekkert framar að gera með blinda leiðtoga eða lœvísá trúarhræsnara. En hvað hafði svo hinn heilagi staðengill í Róm að segja við öllu þessu? Hvernig vék því við, að hann einmitt nú laum-æðist inn í hin afskektustu herbergi sín, hann og kardínálar hans, og létt draga blæjurnar þétt fyrir gluggana; já, lokaði Vatikaninu og krækki lyklunum upp yfir rúmið í svefnherbergi sínu. Hvílikt þó! Er þetta æðsti hermaður Krists? En slíkur þó spéggill, og eftir höfðinu dansa svo limirnir! Var eigi hinum